

Alþingi
Erindi nr. P 139/154
komudagur 1.3.2011



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2011

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að stuðla að sátt við heimilin, verja velferð með ábyrgum ríkisfjármálum, efla atvinnulífið og fjölga störfum, þskj. 156 – 141. mál.

BSRB telur ýmislegt gott að finna í þingsályktunartillögunni, en telur hins vegar að ónákvæmni eða misskilnings gæti í hugmyndum flutningsmanna um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Þar segir:

6. Þegar verði hafist handa við að endurskoða og samræma lífeyrisréttindakerfi opinberra starfsmanna svo að framtíðarþjárfjármögnun þess verði tryggð. Komið verði í veg fyrir að áfram safnist upp óbærilegar byrðar fyrir ríkissjóð.

BSRB vill minna á að lífeyrisréttindi eru hluti samningsbundinna réttinda sem áunnin eru í kjarasamningum. Þau verða ekki afnumin nema með samningum eða lagasetningu. BSRB veltir því upp hvort flutningsmenn ætli sér að standa fyrir slíkri lagasetningu náist samningar ekki.

Þá vill BSRB einnig minna á að ástæða þess að safnast hafa upp byrðar fyrir ríkissjóð er sú að stjórnvöld sinntu ekki þeirri skyldu sinni að greiða inn í sjóðinn. Stjórnvöld nýttu það fjármagn sem eðlilegt hefði verið að nýta til greiðslu í lífeyrissjóðinn í önnur verkefni. Það var val stjórnmalamána að greiða ekki jafnt og þétt inn í sjóðinn, ekki opinberra starfsmanna.

Þá er ekki rétt sem segir í tillögunni að heildarskuldbinding ríkissjóðs sé yfir 500 milljarðar króna. Heildarskuldbinding B-deildar LSR er u.þ.b. 350 milljarðar króna sem þurfa að greiðast upp á næstu 40-50 árum. Ef greiðsla hæfist nú þegar væri um að ræða 7-8 milljarða króna á ári. Sjóðurinn á fyrir skuldbindingum til 2023-2025. Hvað A-deildina varðar er ljóst að hækka þarf iðgjaldið til að hægt sé að mæta skuldbindingum.

BSRB bendir á að í tengslum við stöðuleikasáttmálann sem gerður var 2009 var skipaður starfshópur sem hefur það hlutverk að endurskoða lífeyrissjóðskerfi landsmanna og koma með tillögum um nýskipan þeirra mála. Einnig hefur verið skipaður starfshópur af hálfu fjármálaráðuneytisins þar sem sitja í fulltrúar frá heildarsamtökum opinberra starfsmanna BSRB, BHM og Kí ásamt fulltrúum frá ráðuneytinu og skal sá hópur koma með tillögum um hvernig staðið skal að greiðslum vegna skuldbindingar ríkissjóðs vegna Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna..

BSRB varar einnig við þeim hugmyndum sem fram koma í tillögunni um að hagræða enn frekar í heilbrigðiskerfinu og auka svigrúm fyrir starfsemi einkaaðila.

Niðurskurður í heilbrigðiskerfinu kemur verst niður á konum, líkt og nýlegt svar velferðarráðherra við fyrirspurn á Alþingi sýnir. Þar kemur fram að 92 konur muni missa störf sín alfarið vegna niðurskurðar í fjárlögum 2011 en 15 karlar. Þá muni 75,6 stöðugildi kvenna þurfa að sæta skerðingu á starfshlutfalli á móti stöðugildi 11,1 karls. Tillaga flutningsmanna mun því einungis valda því að fleiri konur missa vinnuna.



BSRB minnir á að einkavæðing innan heilbrigðiskerfisins hefur víða verið reynd. Hvarvetna hefur hún, þegar upp er staðið, reynst kostnaðarsamari fyrir greiðendur og veitt verri þjónustu fyrir notendur.

Vegna hugmynda flutningsmanna um styrkingu húsaleigubótakerfisins vill BSRB láta fylgja með hugmyndir bandalagsins um almennan leigumarkað (Sjá fylgiskjal).

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in black ink, which appears to read 'Helga Jónsdóttir', is written over the typed name.

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal: Tillögur BSRB um leigumarkað á Íslandi

Tillögur BSRB um leiguhúsnæði á Íslandi

Eftir bankahrunið 2008 hefur þörfin fyrir skipulagðan leigumarkað aukist til muna. Ástæðan fyrir því er að ýmist hefur fólk misst heimili sín eða er við að missa þau vegna ófyrstíganlegrar greiðslubyrði sem fall krónunar og aukin verðbólga hafa orsakað. Í mörgum tilfellum er ekki hægt að vænta þess að fólk ráði við að greiða markaðsverð á húsaleigu.

Fram til skamms tíma fóru fáir á Íslandi á leigumarkaðinn nema tilneyddir, í það minnsta til lengri tíma litið, enda er hlutfall þeirra sem eiga eigið húsnæði mjög hátt. Leigumarkaðurinn á Íslandi er að mörgu leyti vanþróaður og óskipulagður og ekki er hugað nógu vel að málefnum leigjenda.

Viða erlendis, t.d. í Danmörku, er málum öðruvísi háttað og margir kjósa að leigja allt sitt líf í stað þess að fjárfesta í fasteign. Miðað við ástandið í samfélaginu í dag munu væntanlega margir vilja kjósa þann kostinn. Einn möguleiki er að taka upp hið svokallaða danska almenna leigukerfi (almene boliger). Almennar íbúðir í Danmörku eru nokkurskonar félagslegar leiguíbúðir í eigu leigufélaga eða leigufyrirtækja. Byggingarkostnaður við almennar íbúðir er fjármagnaður með styrk frá sveitarfélögunum (14%), í gegnum íbúðalánasjóði (84%) og af innborguðu tryggingarfé frá leigjendum (2%). Sveitarfélögin ábyrgjast íbúðalán umfram 65%. Á móti fá sveitarfélögin ráðstöfunarrétt yfir 25% af íbúðunum til félagslegs húsnæðis.

Í öllum sveitarfélögum í Danmörku eru almennar íbúðir. Leigukerfið er ætlað fyrir alla, en sérstaklega beint að þeim sem geta ekki ráðið við að greiða markaðsleigu. Húsaleigan skal einungis fjármagna afborganir lána og viðhaldskostnað leiguhúsnæðisins. Það þýðir að ekkert félag eða fyrirtæki má hagnast á útleigu íbúðanna. Þar ríkir íbúðalánasjóði sem þýðir að íbúarnir ákveða sjálfir hvaða viðhald eða betrubætur skal farið í hverju sinni. Húsaleiga hækkar því einungis í takt við það.

Almenna leigukerfið hefur það markmið að tryggja framboð af húsnæði fyrir fólk í mismunandi tekjuhópum á viðráðanlegu leiguverði. Kerfið gefur líka lágtekjufólki möguleika á að setjast að á svæðum þar sem mikil eftirspurn er eftir húsnæði. Því má segja að almenna leigukerfið sé hornsteinninn í lausn á félagslegum húsnæðisvanda dansks samfélags. Það er þó aðeins lausn ef íbúarnir eru blanda af efnalitlum og efnasterkum fjölskyldum. Annars er hættu á því að gettó myndist.

Við innflutning í almenna leiguíbúð greiðist trygging sem samsvarar 3 mánaða húsaleigu. Hafi leigjandi ekki efni á að reiða trygginguna fram getur viðkomandi fengið lán hjá sveitarfélaginu sem þarf fyrst að greiða af eftir 5 ár, ef tekjur eru undir ákveðnu viðmiði. Mjög misjafnt er hversu langur biðlisti er eftir húsnæði og fer það eftir stærð húsnæðisins og staðsetningu. Í sumum hverfum geta biðlistar verið mjög langir eða allt að 20 árum. Hægt er að skrá sig á biðlista eftir íbúð frá 15 ára aldri.

Leigjandi í danska almenna leigukerfinu getur búið ævilangt í íbúðinni kjósi hann það. Einungis er hægt að rifta leigusamningi ef um vanefndir á samningi með ákveðnum hætti er að ræða, til dæmis síendurtekið ónæði, skemmdir á húsnæðinu eða vanskil á leigu.

Verðlagsnefnd húsaleigu

Samkvæmt húsaleigulögum á Íslandi er aðilum frjálst að semja um upphæð leigunnar og því er í raun ekkert gólf eða þak á upphæðinni. Algennt er að samið sé um að leiga breytist á leigutímanum og er þá yfirleitt miðað við vísitöluhækkunarir. Húsaleiga er í mörgum tilfellum svo há að ákveðnir hópar í samfélaginu ráða ekki lengur við að greiða hana og ekki í neinu samræmi við uppfærslukostnað, viðhald og ávöxtun eignarinnar. Sem rök fyrir því má sjá að þrátt fyrir umtalsverða aukningu leiguhúsnæðis frá bankahruninu helst leiguverð ennþá mjög hátt. Leiguverð á Íslandi þarfnast einfaldlega aðhalds.

Í Danmörku má ekkert félag eða fyrirtæki hagnast á útleigu íbúðanna og þar er að auki sérstök nefnd sem metur hvað geti talist eðlilegt og sanngjarnt húsaleiguverð. Með þessu er spornað við óeðlilega hárrí húsaleigu. Leigjandi getur klagt til nefndarinnar ef viðkomandi finnst húsaleigan of há. Nefndin getur úrskurðað að leigusali skuli lækka leigu og endurgreiða ofgreidda leigu ef það á við.


Tillögur BSRB um leiguhúsnaði á Íslandi

Upphæð húsaleigubóta á Íslandi hefur ekki tekið mið af verðhækkunum á leigumarkaði og breyta þær því oft og tíðum mjög litlu. Til að húsaleigubætur skili tilætluðum árangri þurfa þær að hækka samhliða verðlagi í samfélaginu. Einnig eru frítekjumörk á húsaleigubótum of lág. Því til sönnunar má nefna þetta eru rúmlega 80% þeirra sem þiggja húsaleigubætur með árstekjur undir tveimur milljónum. Í fjárlagafrumvarpinu 2011 er lagt til að skera framlag ríkisins til húsaleigubótakerfisins niður um 600 m.kr. sem þýðir enn frekari rýrnun á bótunum.

Almenn niðurfærsla lána er of kostnaðarsöm og leysir ekki vanda þeirra verst stöddu. Lagt hefur verið fram frumvarp um að Íbúðalánasjóður megi selja íbúðir sem hafa verið yfirteknar á kaupleigu til 3 ára. Eftir 3 ár býðst leigjanda að kaupa íbúðina, þar sem leiga síðustu þriggja ára gengur upp í kaupverð sem inneign. Hugmyndin er ekki slæm, en hér er ekki gert ráð fyrir því að leiguverði sé stillt í hof. Ef fólk vill ekki eða ræður ekki við að kaupa húsnaðið eftir 3 ár er frumvarpið einungis skammtímalausn á húsnaðisvanda þeirra verst stöddu.

Almenna leigukerfið í Danmörku gæti hins vegar verið betri lausn fyrir ríkið til að ráða fram úr vanda skuldsettra heimila, svo ekki sé talað um Íbúðarlánasjóðs. Þannig gæti ríkið yfirtekið fjölbýlishús og breytt þeim í almennar íbúðir á viðráðanlegu leiguverði. Á þann hátt væri verið að skapa öryggisnet fyrir fjölskyldur sem ekki ráða við skuldbindingar sínar og eru búnar að, eða á barmi þess að, missa heimili sín.

Alþingi
Erindi nr. P 139/1521
komudagur 28.2.2011



Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík 25. febrúar 2011
Tilvísun FLE 5-2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að stuðla að sátt við heimilin 141 mál.

Með tölvupósti dags. 8. febrúar s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin telur málið vera þess eðlis að félagið tekur ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllt,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is



Reykjavík, 28. febrúar 2011

**Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH) til Efnahags- og skattanefndar Alþingis
vegna þingskjals nr. 156-141. máls, 139. löggjafarþingi, 2010-2011.**

**Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að stuðla að sátt við heimilin, verja velferð með
ábyrgum ríkisfjármálum, efla atvinnulífið og fjölga störfum.**

Þingmenn Sjálfstæðisflokks leggja ofangreinda tillögu fyrir Alþingi, að gripa til tilgreindra aðgerða með hliðsjón af mikilvægi þess að verja velferð í landinu, bæta stöðu heimila, fyrirtækja og ríkissjóðs, endurheimta tiltrú á íslenskt efnahagslíf, tryggja hvata til atvinnusköpunar og hagvaxtar, fjölga störfum og skapa skilyrði til þess að Íslendingar verði að nýju í hópi samkeppnishæfustu þjóða heims.

Almennt

Hagsmunasamtök heimilanna geta tekið undir margt að því sem hér er lagt til, sem og mikilvægi frekari aðgerða vegna ofangreinds samhengis. Tillagan viðurkennir beint og mikilvægt samhengi afkomu heimilanna við rekstrarskilyrði atvinnulífsins og afkomu hins opinbera, eins og samtökin hafa ítrekað bent á. Því er óskiljanlegt og ótækt að tillagan gangi ekki lengra en að boða tímabundna lækun afborgana og lengingu lána heimilanna. Sú lausn getur ekki verið annað en þjálgreiði.

Hér verður einkum fjallað um þátt heimilanna í tillögunni. Bent er á fylgiskjal með umsögninni, „ramma aðgerðarþátta“, lista yfir þau lykilatriði sem samtökin telja mikilvægust, til að skapa hér þau skilyrði sem þörf er á til viðsnúnings og endurreisnar, bæði fyrir heimili, atvinnulíf og opinbera sjóði.

1. Gefum heimilunum von

Samtökin ítreka kröfu sína um almenna leiðréttingu á veðlánnum heimilanna sem almennu og skjótvirku fyrsta skrefi til að forða því að verulegur fjöldi heimila verði þvingaður í sértæk greiðsluferfiðleikaúrræði. Það er ekkert lát á fréttum og skýrslum sem staðhæfa að helstu fjármálafyrirtæki og leiðandi fyrirtæki á innlendum markaði hafi með margvíslegum hætti stundað kerfisbundna svikastarfsemi, þar sem opinberir eftirlitsaðilar brugðust almannahagsmunagæsluhlutverki sínu með margvíslegum hætti. Flest bendir til að hagsmunir hins opinbera hafi farið saman með svikastarfseminni, vegna mikilla tekna sem starfsemin skilaði til opinberra sjóða. Hvoru tveggja leiddi til gríðarlegra hækkana gengis- og verðtryggðra lána heimilanna. Vegna þessa beina ásetnings, er með öllu óásættanlegt að meðhöndla skuldamál neytenda með tímabundinni lækun á greiðslubyrði, nema eftir almenna leiðréttingu sem fyrsta skrefi.

Bent er á að veruleg rót skattahækkana liggur í samspili verðtryggingar, of hárrar raunávöxtunarkröfu lífeyrissjóðanna, baktryggingar launagreiðanda lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna og óljósrar verkaskiptingar og ábyrgðar lífeyrissjóðakerfisins og almannatryggingakerfisins. Halli opinbera hluta lífeyriskerfisins er nú kominn yfir 500ma í skuld, (um 60% af alls um 800ma halla kerfisins,) þrátt fyrir að opinberir starfsmenn séu um 22% vinnumarkaðar. Á meðan að launþegar almenna kerfisins verða nú að sætta sig við að þeirra lífeyriseign verður skert um 15-25% gera opinberir starfsmenn kröfu um ca. 32% raunhækkun á lífeyriseign frá 1. jan. 2008. Bent er á að á árunum 2002-8 voru um 210ma notaðir af skattfé til að bæta opinberum lífeyrissjóðum upp ónóga ávöxtun af fjárfestingum. Þessi mismunur er ekki bara óásættanleg, heldur er hún hagkerfinu beinlínis stórskadleg. Verðtrygging sér til að bæði kaupmáttur lækkar og skuldir neytenda hækka samtímis þegar álögur eru hækkaðar til að auka á tekjur hins opinbera til að mæta þessum vaxandi halla. Atvinnulífið ræður ekki við raunávöxtunarkröfu kerfisins, sem sýnir sig bæði í að skuldir allra fyrirtækja og stofnana voru um 70% erlendar eða gengistryggðar haustið 2008 og ávöxtunarkrafan, saman með verðbólgu og raunvöxtum er verulega mikið hærri en meðalhagvöxtur, sem þýðir að hagvöxtur undanfarinna ára hefur stafað af hreinni og kerfisbundinni skuldsetningu. Heildarskuldir heimila hafa fjórfaldast frá árinu 2000 og skuldir fyrirtækja hafa áttfaldast. Samtökin ítreka að yfirkjór yfir svo stóra galla grunnkerfanna getur ekki annað en leitt til annars og mun alvarlegra hruns fyrr en seinna, án róttækra breytinga. Nú þegar þrengir verulega að fjárfestingakostum lífeyriskerfisins og mun sú staða versna hratt án kerfisbreytinga og lækkunar á

innlendum fjármagnskostnaði. Vísað er í fylgiskjal um umfang aðgerða og skora samtökin á þingmenn allra flokka að taka þann aðgerðarlista til alvarlegrar skoðunar.

Þegar almennar leiðréttingar á veðlánnum heimilanna hafa verið gerðar, taka samtökin undir þörf fyrir rýmri skilyrði til skjótvirkari afgreiðslu þeirra heimila sem enn búa við greiðsluferfiðleika, sem sértæka aðgerð, sem sniðin yrði að hverju tilfelli.

Það myndi styrkja stöðu neytenda mikið ef lög um neytendalán tilgreindu með skýrari hætti forsendubrest og svigrúm til tímabundinnar aðlögunar, svo sem réttur til frystingar afborgana vegna atvinnumissis, staðfestra alvarlegra veikinda, fráfalls maka og fleiri þessháttar alvarlegra breytinga á högum láta.

Samtökin ítreka þá kröfu sína að öllum aðförum og fullnustuaðgerðum verði hætt, þar sem vafi leikur á lögmæti krafna. Stöðvi stjórnvöld ekki slíkar aðgerðir skapast veruleg hætt á umfangsmikilli skaðabótaskyldu gagnvart þolendum. Tekið er undir þörf fyrir endurupptökurétt og flýtimeðferð mála, þar sem einstaklingar hafa verið sviptir eigum sínum á grunni ólögmætra krafna gengistryggðra lána, sem og annarra ólögmætra krafna.

Tillaga um heimild til leigu og forkaupsrétt húsnæðis sem hefur verið selt nauðungarsölu er sorglegur vitnisburður um firringu á ábyrgð þessarar stöðu og aamt yfirklor. Hér þarf almenna leiðréttingu höfuðstóls bæði verð- og gengistryggðra lána heimilanna tafarlaust.

Samtökin taka undir samræmingu kerfa vaxtabóta og húsaleigubóta, til að auka jafnræði milli mismunandi húsnæðisforma. Samtökin telja jafnframt að hækka eigi vaxtabætur og skerðingamörk þeirra. Vaxtabætur ættu að taka bæði til vaxta og verðbóta húsnæðislána.

Samtökin taka heils hugar undir tillögu um afnám stimpilgjalda, til aukinnar samkeppni um tekin lán. Bryn þörf er á að afnema einnig uppgerðslugjöld og stytta raun binditíma lána með innleiðingu endurskoðunarákvæða á 3-5 ára fresti, þar sem lántakar geta valið að endurfjármagna sig annars staðar mislíki þeim boðin vaxtakjör síns lánveitenda.

Samtökin taka undir að almenn höfuðstólsleiðrétting veðlána heimilanna, niðurfærsla skulda við sértæka skuldaaðlögun og breytingar skulda vegna greiðsluaðlögunar myndi ekki stofn til tekjuskatts. Bryn þörf er á að skilgreina raun framfærsluviðmið, sem og hóflegt meðalneysluviðmið til greiðslumats.

2. Endurheimtum störf – eflum atvinnulífið

Bent er á að lykilatriði til endurreisnar atvinnulífsins er lækkun innlends fjármagnskostnaðar og skuldastaða heimilanna sé leiðrétt, þannig að þau geti aukið neyslu og fjárfestingar. Leiðrétting á ofangreindum göllum í grunnkerfunum skilar sér einnig og beint til atvinnulífsins, sem mun þá geta aukið starfsemi sína, skapað raunverðmæti með aukinni framleiðslu og þar með aukin fjárfestingartækifæri fyrir lífeyrissjóðina og skila auknum tekjum til hins opinbera, án verðbólguþrýstings. Taka verður fyrir kennitölufлак, því allt tap lendir sem aukinn kostnaður í verðlagi, sem lendir einna þyngst á heimilunum. Ekki er tekin efnisleg afstaða til einstaka tillögubátta, en tekið undir þörf á endurskoðun skattkerfisins, beitingu skattalegra hvata og að hraða verði endurskipulagningu skulda fyrirtækja. Lögð er áhersla á að verðtrygging verði afnumin eða 4% þak verði sett á verðbótubátt fjárskuldbindinga neytenda áður enn farið verði í afnám gjaldeyrishafta.

3. Hagræðing og aðhald í rekstri ríkisins, mikilvægi forsendna áframhaldandi velferðar


Tekið er undir róttæka og heildstæða endurskoðun á kostnaðarþörf hins opinbera og sérstaklega bent á ofangreinda galla grunnkerfa. Einnig er ljóst að leita verður leiða til hagræðingar innan stjórnsýslu og opinberra þjónustubátta, en ítrekað að staðið verði vörð um grunnvelferðarþjónustu í heimabyggð í heilbrigðis-, menntamálum og löggæslu.

Tekið er undir þörf fyrir endurskoðun á fátæktargildrum lífeyris- og bótakerfa, sem nú þvinga svo til alla lífeyrisþega í svarta hagkerfið. Slíka galla verður að laga tafarlaust.

Tekið er undir þörf á að stjórnvöld axli virkari og ríkari ábyrgð á hagstjórn, stuðli að lækkun vaxta og styrkingu á gengi krónunnar.

Virðingarfyllt,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / www.heimilin.is



Friðrik Ó. Friðriksson, formaður

Fylgiskjal: 110208 HH rammi aðgerða

Rammi aðgerða um skuldavanda heimilanna



Hagsmunir allra grunnstoða hagkerfisins, þ.e. heimila, atvinnulífs, fjármálakerfis og hins opinbera, fara saman til lengri tíma lítið og því verður að jafna ábyrgð milli aðila á afleiðingum hrunsins. Einhliða og of skammsýn hagsmunagæsla fjárskuldbindinga hins opinbera og fjármálakerfis mun einfaldlega leiða af sér annað hrun fyrr en seinna, langvarandi samdrátt í hagkerfinu og mjög kostnaðarsamt siðrof.

Hagsmunasamtök heimilanna leggja til eftirfarandi tillögu að ramma um aðgerðir til sátta um skuldavanda heimilanna og aðgerðir til viðsnúnings á sí vaxandi skuldaþróun, til nánari útfærslu milli aðila:

- **Almenn leiðrétting verð- og gengistryggðra veðlána heimilanna.**

Markmið aðgerðar er að forða því að stöðugt fleiri heimili þurfi á sértækri skuldaaðlögun að halda og að byrðum sé dreift milli aðila (lántaka, lánveitenda og skattgreiðenda) með sanngjörnum hætti. Aðgerð ná til sem flestra heimila, sé skilvirk og áhrifa gæti fljótt og að umsýslukostnaður sé sem minnstur.

Útfærslu slíkrar leiðréttingar skuli lokið fyrir 15. apríl nk. í samkomulagi hagsmunaaðila, stjórnvalda og fulltrúa neytenda eða með neyðarlögum um brýna efnahagsaðgerð. (sjá nánari tillögur Hagsmunasamtaka heimilanna)

- **Gera þarf sértæk greiðsluferfiðleikaúrræði skilvirkari**

Fyrir þá sem almenn aðgerð nægir ekki fyrir. Markmið aðgerða sé að sem flest skuldsett heimili nái endum saman, umsýslukostnaður sé sem minnstur og fólk hafi þak yfir höfuðið fyrir viðráðanlegt endurgjald. Í þessu ástandi verði lögð sérstök áhersla á skilvirka málsmeðferð og úrvinnslu.

Útfærsla endurskoðunar núverandi úrræða og möguleg innleiðing frekari úrræða sé lokið fyrir 15. apríl nk., unnin í samvinnu við hagsmunaaðila og fulltrúa neytenda.

- **Gera þarf protameðferð einstaklinga styttri með styttingu endanlegs fyrningarfrests krafna**

Fyrir þá sem ekki verður bjargað fjárhagslega með ofangreindum leiðum. Úrræðið taki einnig til greiðsluprotu vegna árangurslausra fjárnáma.

Markmið aðgerðar er að veita yfirskaðsettu fólki sem fyrst tækifæri til fjárhagslegs sjálfstæðis á ný og lágmarka þannig umsvif árangurslausra fjárnáma, veltu innan eftirkröfumarkaðar, svarta hagkerfisins og fjárhagslegs landflóttu.

Lög um fullnaðarfyrningu gjaldprotamála innan tveggja ára varð að lögum 17.12.2010.

Samsvarandi breyting vegna greiðsluprotu og árangurslauss fjárnáms verði innleidd fyrir 15. mars n.k.

- **Efla eftirlit með aðgerðum og vinnubrögðum fjármálafyrirtækja og innheimtuaðila.**

Allar niðurstöður eftirlitsaðila verði gerðar opinberar ársfjórðungslega. Löggjöf og regluverk með vinnubrögðum og eftirliti verði endurskoðuð. Boðuð verði hert viðurlög við brotum á gildandi reglum. Eftirlit taki sérstaklega til skoðunar vörslusviptingar, samninga og framkvæmd um sértæka skuldaaðlögun, greiðsluaðlögun og nauðungarsamninga afturvirkir frá 1.1.2008.

Útfærslu sé lokið og hert eftirlit taki til starfa fyrir lok 15.maí nk.

- **Hefja skipulega greiningu og rannsókn á fjárhagsstöðu heimilanna**

Fjárhagsstaða heimilanna verði greind af óháðri stjórnsýslustofnun og niðurstöður kynntar ársfjórðungslega til framtíðar. Mörk skuldsetningar verði skilgreind sem hófleg, vænt og varhugaverð, miðað við hlutföll eignarhalds og umfang séreignar bílaflota hverju sinni. Unnið verði afturvirkir frá ársbyrjun 2008 með sambærilegum hætti.

Útfærslu verði lokið og rannsókn hafin fyrir byrjun mars 2011.

- **Innleiðing úrræða til bættrar hagstjórnar.**

Skilgreind verði opinber framfærslukostnaður lágmarksframfærslu annars vegar og meðal framfærslukostnaður vegna greiðslumats hins vegar.

Gerð verði undantekningarlaus krafa um greiðslumat við öll veðlán einstaklinga.

Lög verði sett um að veð takmarkist við veðandlag neytendalána. Lánveitandi skal ekki öðlast meiri rétt en samið var um í upphafi, þ.e. að lausaskuldir verði ekki hægt að setja inn á veðrétt heimila með fjárnámi eða öðrum gjörningum. Lögin taki gildi við skilmálabreytingar eldri lána. Ábyrgð þriðja aðila verði bönnuð og afnumin við skilmálabreytingar.

Fjárhagsstaða og málefni heimilanna verði tekið upp sem viðfangsefni, til greiningar og viðbragða innan félagsmálaráðuneytis.

Skoðað verði að fela Seðlabanka að stýra hámarks veðhlutföllum útlána hverju sinni, sbr. ákvörðun um bindiskyidu og stýrivexti.

Útfærslu verði lokið fyrir lok 17.júní 2011.

- **Seðlabanki birti árlega Hagspá heimilanna sem hluta af almennri efnahagsspá**

Upplýsingar um fjárhagsstöðu heimilanna verði grunnur hagspár og taki að öðru leiti mið af öðrum hagstærðum við hagspá hvers árs í riti Seðlabanka um Fjármálastöðuleika.

Seðlabanka verði fallið að gæta stöðuleika innan hagkerfisins í heild.

Útfærslu verði lokið fyrir byrjun júní 2011.

- **Breytingar á húsnæðislánakerfinu.**

Dregið verði markvisst úr vægi verðtryggingar á neytendalánnum með tímasettri áætlun um afnám að fullu fyrir 17. júní 2011.

Komið verði á samkeppni um tekin lán, með innleiðingu breytilegra vaxtakjara og þaki á vexti húsnæðislána.

Samkeppnishamlandi lántöku- og uppgreiðslugjöld verði afnumin og bönnuð.

Lánveitendur verði kallaðir til meðábyrgðar fyrir efnahagsstöðuleika.

Leitað verði leiða til að lækka vexti með lækkun vaxta á útgefnum ríkisskuldabréfum og lækkun raunávöxtunarkröfu lífeyrissjóðanna. Endurskoðun lífeyrissjóðakerfisins er brýn.

Lögð verði áhersla á stöðuga eignamyndun og hóflegan heildarkostnað veðlána neytenda.

Lánsformum verði fjölgað. Vaxta- og húsaleigubætur taki einnig mið af fjölskyldustærð.

Útfærslu verði lokið fyrir byrjun júní 2011.

(sjá nánari tillögur Hagsmunasamtaka heimilanna)

- **Aukning og jafnræði valkosta í húsnæðismálum**

Valkostum búsetuforma almenns markaðar verði jöfnuð á þann hátt að fjölskyldum verði gert auðveldara að velja það form sem hentar, hvort sem það er eignar, leigu, kaupleigu eða félagsbústaðaform.

Félagslegt húsnæðiskerfi verði endurmetið og styrkt í samræmi við stefnu um fjölgun kosta í húsnæðiskerfinu til að tryggja öllum aðgengi að íbúðarhúsnæði. Í forgangi verði mætt þörfum barnafjölskyldna.

Réttarumhverfi leiguhúsnæðis verði endurskoðað með því augnamiði að langtímaleiga verði raunhæfur og vænlegri kostur fyrir bæði leigusala og leigutaka í samræmi við ofangreint.

Útfærslu stefnumörkunar verði lokið fyrir byrjun maí 2011 og leiði strax til framkvæmda.

- **Aukin neytendavernd**

Neytendavernd og -fræðsla verði eflid.

Lög um neytendavernd verð samræmd gildandi lögum norðurlanda og EES.

Almenn fjármálafræðsla verði eflid bæði í skólakerfi og endurmenntun.

Kostnaður og áhrif greiðslukortakerfa á hagkerfið verði könnuð og brugðist við neikvæðum áhrifum á verðlag og verðbólgu. Lögð verði áhersla á debetneyslu í viðtækari mæli.

Stuðlað verði að valkvæðum sparnaði ungmenna 16-30 ára, til að undirbúa stærri fjárfestingar, ss. nám og fasteignakaup.

Útfærslum verði lokið fyrir byrjun júní 2011.

Stjórn HH lýsir samtökin viljug til samráðs og samstarfs á grundvelli ofangreindra atriða.
Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna, 8. febrúar 2011



Alþingi
Erindi nr. P 139/1522
komudagur 28.2.2011

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 25. febrúar 2011.

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um þált. um aðgerðir til að stuðla að sátt við heimilin, 141. mál, þskj. 156, lþ. 139.


Með tölvubréfi dags. 8. febrúar 2011 barst Jafnréttisstofu beiðni frá efnahags- og skattanefnd Alþingis um umsögn um þált. um aðgerðir til að stuðla að sátt við heimilin, verja velferð með ábyrgum ríkisfjármálum, efla atvinnulífið og fjölga störfum, 141. mál, þskj. 156, lþ. 139.

Jafnréttisstofa vill koma þeim athugasemdum á framfæri að nauðsynlegt sé að skoða allar tillögur, hvort sem þær varða útgjöld eða niðurskurð, með „kynjagleraugun á nefinu“ ef svo má að orði komast. Það sem í því felst er að það þurfi að meta hvort og þá hvaða áhrif þau atriði, skattahækkanir, útgjaldaaukning, sköpun nýrra starfa, breyting á fyrirkomulagi varðandi atvinnuleitendur o.s.frv. hafi á konur og karla. Jafnréttislögin nr. 10/2008 gera einnig kröfu um það að ríkisvaldið taki ákvarðanir með það að markmiði að jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Það er hvorki sanngjarnt né réttlátt ef breytingar leggjast hlutfallslega verr á annað kynið heldur en hitt. Það er þekkt staðreynd að konur almennt hafa lægri tekjur en karlar, konur eru jafnframt háðari velferðarkerfmu um framfærslu en karlar. Þetta skiptir máli að hafa í huga þegar aðgerðir eru ákveðnar og það þarf að vera vitað hvernig fyrirhugaðar breytingar koma út fyrir bæði kyn. Jafnréttisstofa bendir á þá þekkingu og leiðbeiningar sem hægt er að fá hjá Verkefnisstjórn um kynjaða fjárlagagerð, sjá hér nánar http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/kynjud_fjarlagagerd/

Sé frekari upplýsinga eða skýringa óskað vinsamlegast hafið þá samband við Jafnréttisstofu.

Virðingarfyllst
f.h. Jafnréttisstofu


Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi

Erindi nr. P 139/1447

komudagur 23.2.2011

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	22. febrúar 2011	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 8. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að stuðla að sátt við heimilin, 141. mál.

Með hliðsjón af lögbundnu hlutverki Ríkisendurskoðunar telur stofnunin hvorki rétt né eðlilegt að taka sérstaka afstöðu til ofangreindrar þingsályktunartillögu.

Erinn Arason
Tommas Pjetur



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi

Erindi nr. P 139/1251

komudagur 10. 2. 2011

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. febrúar 2011 02-2011020009

T-ums 06/11


**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að stuðla að
sátt við heimilin, verja velferð með ábyrgum ríkisfjármálum, efla atvinnulífið og
fjölgja störfum - 141. mál, þskj. 156.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 8. febrúar 2011 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að grípa til tiltekinna aðgerða til að verja velferð í landinu, bæta stöðu heimila, fyrirtækja og ríkissjóðs, endurheimta tiltrú á íslenskt efnahagslíf, tryggja hvata til atvinnusköpunar og hagvaxtar, fjölga störfum og skapa skilyrði til þess að Íslendingar verði að nýju í hópi samkeppnishæfustu þjóða heims.

Það er álit ríkisskattstjóra að þær aðgerðir sem tillagan hefur að geyma séu í eðli sínu pólitískar. Embættið telur af þeim sökum ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þær en treystir því að samráð yrði haft um breytingar á skattkerfinu sem myndu leiða af samþykkt tillögunnar.

Virðingarfyllt


Skúli Eggert Þorðarson


Guðrún J. Jónsdóttir



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. febrúar 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að stuðla að sátt við heimilin, verja velferð með ábyrgum ríkisfjármálum, efla atvinnulífið og fjölga störfum, 141. mál.

Samtök atvinnulífsins telja að eitt mikilvægasta verkefni íslensku þjóðarinnar sé að koma atvinnulífinu í gang þannig að fyrirtækin geti farið að fjárfesta og skapa ný störf. Til að svo geti orðið þurfa stjórnvöld að tryggja eftir fðngum stöðugleika í efnahagsmálum og að skattlagning fyrirtækja og einstaklinga sé í hóf stillt þannig að hún letji ekki til fjárfestinga og sparnaðar. Þá þurfa almenn starfs- og rekstrarskilyrði atvinnugreina til langs tíma að vera eigi lakari en erlendra fyrirtækja á samkeppnismarkaði.

Það er áhyggjuefni að svo virðist sem barátta gegn atvinnuleysi sé ekki forgangsmál og að landsmenn séu dofnir fyrir þeirri staðreynd að nær 15.000 manns eru án vinnu. Þessu verður að breyta hið fyrsta og því hafa SA talað fyrir svokallaðri atvinnuleið, sem felst í því að skapa ný störf og bæta hag fólks með aukinni vinnu og tekjum. Með gerð kjarasamninga til þriggja ára verði óvissu eytt og fyrirtækin fá tækifæri til að ná aftur fyrri styrk og ráða fleira fólk í vinnu. Kaupmáttaraukning kemur með því að fólk fái vinnu í stað þess að þurfa að vera á atvinnuleysisbótum, starfshlutföll aukast og vinnutími lengist.

Stöðugleikasáttmálinn sem undirritaður var í júní 2009 hafði það að markmiði að skapa sóknarfæri í atvinnulífinu og búa í haginn fyrir nýjar fjárfestingar, aukin umsvif, fjölgun starfa, minna atvinnuleysi og meiri verðmætasköpun. Í sáttmálanum voru sett ákveðin viðmið um lækkun vaxta, endurreisn bankakerfisins og afnám gjaldeyrishafta í áföngum. Með því ná niður verðbólgu, útlánsvöxtum og halla hins opinbera myndu skapast skilyrði fyrir aukinni fjárfestingu innlendra og erlendra aðila, auknum hagvexti, nýrri sókn í atvinnumálum og grunnur lagður að bættum lífskjörum til framtíðar. Þrátt fyrir verulegan árangur í að ná niður verðbólgu, vöxtum og halla hins opinbera þá er fjárfesting enn í sögulegu lágmarki, hagvöxtur lítil sem enginn og atvinnuleysi að festast við 8-9% af vinnuafli.

Í umræddri tillögu til þingsályktunar er að finna margvíslegar aðgerðir sem Samtök atvinnulífsins telja brýnar við endurreisn efnahagslífsins og hafa hvatt til að í verði ráðist.

- Skattahækkanir ríkisstjórnarinnar hafa orðið mun umfangsmeiri en gert var ráð fyrir í stöðugleikasáttmálanum. Nær er að draga úr skattheimtunni og gefa atvinnulífinu svigrúm til nauðsynlegra fjárfestinga og atvinnusköpunar sem fljótt mun leiða til aukinna skatttekna og minni bótagreiðslna hins opinbera. SA leggja áherslu á að hvergi megi víkja frá markmiðum um jöfnuð í opinberum fjármálum árið 2013. Það er hins vegar óraunhæft að ætla að jöfnuði í ríkisfjármálum verði náð á næstu árum með skattahækkunum eða útgjaldalækkun einum saman. Jöfnuði verður ekki náð nema með auknum hagvexti.
- SA taka undir mikilvægi þess að greiðsluaðlögun einstaklinga vegna fasteignalána verði hraðað og að skilyrði hennar taki sem mest mið af greiðslumöguleikum viðkomandi einstaklings eða hjóna. Tillögur í I. kafla þingsályktunarinnar eru verðar þess að fá nánari skoðun sem raunhæfir möguleikar.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

- SA hafa hvatt til skynsamlegrar og hagkvæmrar nýtingar náttúruauðlinda þjóðarinnar án þess að sjálfbærni þeirra verði stefnt í hættu. Miklu skiptir að starfsskilyrði þeirra atvinnugreina sem stunda sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda séu skýr. Þá marki stjórnvöld samræmda stefnu um hóflegt afgjald í ríkissjóð fyrir nýtingarrétt á auðlindum í eigu ríkis eða þjóðar. Ríkisstjórnin hafði frumkvæði við að koma á fót endurskoðunarnefnd um stjórn fiskveiða sem náði víðtæku samkomulagi um grundvallarbreytingu á stjórnkerfinu með aðild stjórnarflokkanna, tveggja stærstu stjórnarandstöðuflokkanna og allra helstu hagsmunasamtaka sjávarútvegsins, bæði fyrirtækja og starfsfólks. Sáttin, hin svokallaða samningaleið, byggir á því að nýtendur auðlindarinnar geri formlega tímabundna samninga við ríkið sem hefur forræði á fiskistofnunum um nýtingarréttinn. Þessa sátt ber að útfæra nánar og lögfesta til að tryggja starfsskilyrði í sjávarútvegi og fiskvinnslu og tryggja skynsamlega og hagkvæma nýtingu sjávarauðlinda.
- SA taka undir mikilvægi þess að stjórnvöld kappkosti að eyða lagalegri og stjórn málalegri óvissu vegna fjárfestinga í orkufyrirtækjum og að arðbærum framkvæmdaverkefnum verði komið af stað í samvinnu við lífeyrissjóði og aðra fjármögnunaraðila. Í ljósi bágs ástands ríkissjóðs og margra af helstu fyrirtækjum landsins er mikilvægt að laða hingað til lands erlenda fjárfesta sem eru tilbúnir til að leggja fram áhættufé til að byggja upp nýja atvinnustarfsemi sem mun fjölga störfum, daga úr atvinnuleysi og örva hagvöxt.
- SA taka undir það sjónarmið í þingsályktuninni að endurskoðun á skattkerfinu mótist af því að einfalda það, gera það hagkvæmt og að í því sé að finna hvata til verðmætasköpunar. Leitast á við að lágmarka neikvæð áhrif skattkerfa á ákvarðanir um sparnað, fjárfestingu, neyslu og vinnuframlag, t.d. með því að breikka tekjustofna og lækka skatthlutföll. Fjölmörgum breytingum, sem gerðar voru á skattalögum í árslok 2009 og hafa flækt skattkerfið og gert eftirlit dýrara, þarf að snúa við. Þessar breytingar hafa haft annað hvort engin eða neikvæð áhrif á tekjur ríkissjóðs, enda lá ekki fyrir faglegt mat á áhrifum breytinganna á atvinnulífið og kostnað fyrirtækjanna þegar þær voru lögfestar.
- Gjaldprot fjölmargra stórra fyrirtækja í kjölfar bankahrunsins varð til þess að fjöldi einstaklinga sem hafði sett sparnað sinn í kaup á hlutabréfum varð fyrir verulegu tjóni og er afhuga þessari sparnaðarleið. SA telja mikilvægt að endurvekja traust almennings á sparnaði í hlutabréfum, t.d. með því að leiða í lög á ný skattaafslætti vegna hlutabréfakaupa.
- Í stöðugleikasáttmálanum var ákvæði um að ríkisstjórnin myndi beita sér fyrir að lögfest yrði gjald í Starfsendurhæfingarsjóð frá atvinnulífinu. Það hefur ekki orðið. Sjóðurinn hefur á stuttum starfsferli sannað gildi sitt við að koma fólki aftur til starfa. Á sama hátt telja SA að baráttan við atvinnuleysið myndi skila meiri árangri ef aðilar vinnumarkaðarins myndu bera ábyrgð á starfsemi og fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þá ber stjórnvöldum að beita sér fyrir lækkuð atvinnuþryggingagjalds til samræmis við spár um minna atvinnuleysi. Að öðrum kosti er verið að rýra svigrúm atvinnulífsins til að bæta kjör starfsmanna sinna.
- Það er eindregin skoðun SA að afnema þurfi gjaldeyrishöftin sem allra fyrst. Höftin valda ómældum skaða með því að takmarka sóknarmöguleika íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði og beinlínis hvetja til þess að starfsemi verði flutt út fyrir landsteinana. Um leið virka þau sem varnarmúr fyrir fjárfestingar hérlendis, bæði gagnvart innlendum og erlendum aðilum. Gjalddeyrishöftin vekja efasemdir erlendra fjárfesta um að hér sé rekið hagkerfi í vestrænni mynd. Það þarf með markvissum hætti að létta af þrýstingi af gjaldmiðlinum svo unnt verði að aflétta höftunum.
- Mikilvægt er að fylgja eftir samkomulagi stjórnvalda og atvinnulífsins um leiðir við úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Stefnt er að því að fyrir 1. júní 2011 hafi



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

fjármálafyrirtæki lokið skoðun á fjárhagsstöðu þessara fyrirtækja og gert lífvænlegum fyrirtækjum sem eru í fjárhagsvanda tilboð um úrvinnslu skulda þeirra.

- Í ritinu *Nauðsynlegar umbætur í fjármálum hins opinbera* sem SA gáfu út í júní 2010 er að finna tillögur samtakanna um bættu gerð og framkvæmd fjárlaga. Þar er m.a. lögð áhersla á langtímaáætlun sem sundurliðuð verði eftir ráðuneytum og málaflokkum. Þá leggja SA áherslu á að náð verði fram aukinni hagræðingu í grunn- og framhaldsskólum og að nám til stúdentsprófs verði skipulagt sem þriggja ára nám. SA leggja áherslu á mikilvægi verknáms og leggja til að skipulag námsins verði bætt. Einnig telja SA brýnt að ná fram hagræðingu í heilbrigðiskerfinu m.a. með því að endurskipuleggja heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað sjúklunga, auka fjölbreytni og fá fleiri einkaaðila í hóp þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu.
- SA taka undir það sem fram kemur í þingsályktuninni að fátæktargildrum í lífeyris- og bótakerfum verði útrýmt og hvatar til atvinnuþátttöku skerptir.

Samtök atvinnulífsins taka undir flestar þær aðgerðir sem í þingsályktuninni er lagt til að verði framkvæmdar. Sumar tillögurnar eru í vinnslu aðrar ekki. Takist ekki að skapa ný störf, koma á hagvexti og aflétta gjaldeyrishöftum á næstu misserum er hætta á að velmenntuð íslensk ungmenni finni sér ekki störf við hæfi hér á landi og í lengist í útlöndum.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Alþingi
Erindi nr. P 139/1543
komudagur 1.3.2011

28. febrúar 2011
SÍ-70330

Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 8. febrúar 2011, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um þingsályktunartillögu um aðgerðir í efnahagsmálum, 141. mál.

Þingsályktunin inniheldur fjölmargar tillögur á sviði aðgerða til handa heimilum og fyrirtækjum og í fjármálum hins opinbera. Tillögurnar eru töluvert misjafnar með tilliti til mögulegrar umsagnar Seðlabankans. Þannig eru sumar þeirra utan sérsviða bankans, t.d. tillögur varðandi sjávarútvegsmál.

Almennt má segja að þingsályktunartillagan feli í sér jákvæða viðleitni til stefnumótunar sem miðar að því að örva hagvöxt og draga úr atvinnuleysi við aðstæður þar sem enn er mikill slaki í efnahagslífmu og fjárfesting er við sögulegt lágmark. Seðlabankinn telur að þetta sé um þessar mundir eitt mikilvægasta verkefni efnahagsstefnunnar. Það hefur náðst verulegur árangur varðandi stöðugleika sem birtist í undirliggjandi viðskiptaafgangi, gengishækkun á síðasta ári án stuðningsinngripa, verðbólgu sem er við markmið, stórbættri erlendri lausafjárstöðu þjóðarbúsins og framgangi áætlunar um sjálfbærni skulda hins opinbera. Fjárfesting og öflugur viðsnúningur umsvifa hefur hins vegar látið á sér standa. Bankinn tekur undir það sjónarmið, sem margar tillögurnar virðast byggja á, að óvissa um rekstrarumhverfi eigi þar umtalsverðan hlut að máli.

Ekki eru tók á að gera umsögn um einstakar tillögur. Sumar þeirra getur Seðlabankinn tekið undir. Aðrar eru hæpnari, bæði varðandi innihald og tímasetningar sem eru í sumum tilfellum óraunsæjar. Seðlabankinn vill í þessu sambandi ítreka þá skoðun sína að allar aðgerðir í ríkisfjármálum þurfi að vera þannig útfærðar að ekki sé grafið undan áætlun stjórnvalda um afgang í rekstri hins opinbera og sjálfbærni skulda þess, eins og stefnt er að í efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Margar tillögur taka á þáttum sem eru þess eðlis að Seðlabankinn getur stutt þær og sumar þeirra eru keimlíkar tillögum sem bankinn hefur áður fjallað um. Má þar t.d. nefna aðgerðir sem greiða fyrir endurskipulagningu skulda, aðgerðir sem stuðla að aukinni fjárfestingu, aðgerðir sem eru til þess fallnar að auka skilvirkni hagstjórnarhlutverks ríkisfjármála og aðgerðir sem skapa efnahagslega hvata sem eru til þess fallnir að styðja við traustan bata efnahagslífsins og sjálfbæran vöxt þess til lengri tíma litið. Sumar aðgerðir sem lagðar eru til í ályktuninni virðast reyndar nokkum veginn samhljóma


aðgerðum sem stjórnvöld eru þegar að vinna eftir, t.d. aðgerðir til að flýta endurskipulagningu skulda og breytingar á fyrningarfresti krafna í þrotabú einstaklinga.


Einnig má nefna að bankinn hefur áður bent á í ritum sínum að reynsla annarra ríkja af aðgerðum í ríkisfjármálum gefi til kynna að árangursríkara sé að ná tökum á ríkisfjármálum í kjölfar efnahagsáfalla með aðgerðum þar sem þyngdin er meiri á aðhald í útgjöldum en auknar tekjur með skattheimtu.

Að lokum tekur Seðlabankinn undir þá efnahagslegu hugsun sem liggur að baki tillögu um gjald á innstæður vegna ábyrgðaryfirlýsingar stjórnvalda án þess að taka afstöðu til skattprósentu. Slíkt gjald verður þó að skoða í samhengi við fyrirliggjandi frumvarp um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur